

Vestmannaeyjum, 10. janúar 2022

Umsögn Öldu um 13. mál, 152. löggjafarþingi – atvinnulýðræði

Alda telur mikilvægt að lýðræði sé ástundað sem víðast í samfélaginu og álitur að lýðræði eigi að vera hornsteinninn í stjórnun fyrirtækja jafnt sem í stjórnun stærri samfélaga og landa, þótt svo slík hugsun sé langt í frá útbreidd í okkar samfélagi. Félagið telur löngu ljóst að þessi hugsun verði að breytast, atvinnulýðræði verði og eigi að auka. Félagið tekur undir þingsályktunartillöguna en vill jafnframt koma áleiðis mikilvægu sjónarmiði.

Frá stofnun hefur Alda, félag um sjálfbærni og lýðræði, lagt áherslu á að lýðræðishugtakið nái ekki aðeins til þess hvernig samfélaginu sé stjórnað í gegnum kosningar, heldur nái hugtakið jafnframt til þess að virkja almenna borgara til áhrifa í því hvernig samfélaginu sé stjórnað í hagkerfinu, í stofnunum ríkisins og víðar. Með þessu er ekki átt við að kosið sé um alla mögulega hluti, heldur að fólk geti haft áhrif, til dæmis í gegnum fulltrúa sína sem gæti hagsmuna þess. Kosningar eiga svo við eftir því sem hið lýðræðislega ferli er hugsað.

Alda hafnar þeirri hugmynd, sem virðist útbreidd, að lýðræði eigi ekki heima í efnahagslífinu. Lýðræði á þvert á mótum heima þar, eins og í öðrum hlutum samfélagsins, enda varðar stjórnun fyrirtækja starfsfólk þess miklu. Fráleitt er að lýðræði sé ekki virkt í efnahagslífinu, einmitt þeim vettvangi þar sem fólk ver stórum hluta lífsins og sem skiptir svo miklu máli fyrir velferð þess. Hvernig stjórnun fyrirtækja er háttað skiptir starfsfólk miklu máli og lýðræði á því að vera virkt innan fyrirtækja.

Alda vill þó vekja athygli á því að þingsályktunartillagan tekur aðeins til atvinnulýðræðis þar sem starfsmenn eiga ekki hlut í fyrirtækjunum – eða mjög takmarkaðan hlut – og að til er eignarform þar sem starfsmenn *beinlínis* eiga fyrirtækin og hafa áhrif á reksturinn í gegnum sinn eignarhlut. Þessi fyrirtæki, sem eru lítt þekkt á Íslandi, þekkjast víða erlendis, og eru nefnd lýðræðisleg fyrirtæki (*worker cooperative*). Þeirra þekktast er Mondragon, samsteypa fjölmargra lýðræðislegra fyrirtækja, með höfuðstöðvar á Spáni. Í þess konar fyrirtækjum gildir eitt atkvæði fyrir hvern starfsmann (eiganda) í ákvarðanatöku. Stjórnendur eru skipaðir af starfsmönnum til að

sjá um daglegan rekstur. Á Íslandi hafa verið gerðar tilraunir til að stofna slík fyrirtæki en lagaumhverfið virðist koma í veg fyrir að svo geti orðið. Félagið bendir hér með á að úr þessu verði að bæta, enda eigi lagaumhverfið ekki að koma í veg fyrir að slík fyrirtæki verði til.

Félagið að öðru leyti lýsir sig samþykkt þingsályktunartillögu þessari og hvetur Alþingi til að samþykkja hana. Félagið jafnframt hvetur tilvonandi meðlimi starfshópsins til að vinna að úrbótum á lagaumhverfinu til þess að greiðlega megi stofna lýðræðisleg fyrirtæki á Íslandi.

Fyrir hönd stjórnar Öldu,
Guðmundur D. Haraldsson, stjórnarmaður



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 10.11.2020
Tilvísun: 202010-0031

Efni: Tillaga til þingsályktunar um atvinnulýðræði, 40. mál, 151. löggj.þ

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um atvinnulýðræði. Á þingi Alþýðusambands Íslands árið 2018 var samþykkt ályktun um *tækniþróun og skipulag vinnunnar*.¹ Þar segir m.a. að; „*atvinnulýðræði með aðild starfsmanna að stjórnnum fyrirtækja hefur aldrei verið mikilvægara.*“ Í víðara samhengi fjallar ályktunin um þær áskoranir og tækifæri í því sem nefnt hefur verið fjórða iðnbyltingin. Nánar tiltekið er átt við þá breytingu á framleiðsluháttum og vinnufyrirkomulagi sem kann að hafa áhrif á hugmyndir um ráðningarsambönd í náinni framtíð. Ljóst er að vinnandi fólk mun þurfa að hafa sitt að segja um þá aðlögun og viðbrögð við þeim breytingum til að tryggja að sem mesta atvinnuþátttöku og velferð sem flestra. Sameiginleg ákvarðanatataka atvinnurekanda og launafólks kann að reynast jákvæð í þessu sambandi, í það minnsta verða ekki gerðar breytingar á sambandi þar í milli nema launafólk sé með í ráðum. Rannsóknir hafa sýnt að fast ráðningarsamband getur kynnt undir nýsköpun og framþróun í starfsemi fyrirtækja og atvinnugreina, þótt sumir atvinnurekendur hafi haft horn í síðu þess.²

Atvinnulýðræði felst þó ekki eingöngu í því að starfsfólki og/eða fulltrúum þeirra sé falið hlutverk við formlega ákvörðunartöku fyrirtækja. Lýðræði er ekki það einfalt fyrirbæri að nægilegt sé að huga að því með formlegheitum. Raunverulegt lýðræði byggir á upplýstri umræðu, virðingu og að tillit sé tekið til allra sem eiga hagsmuna að gæta. Í raun má segja að kjarninn og einn helsti tilgangur í starfsemi stéttarfélaganna sé lýðræðislegur, þ.e. að tryggja að raddir fjöldans sem vinnur störfin og skapar verðmætin heyrist. Má því segja að grundvöllur fyrir atvinnulýðræði sé sterk og öflug samtök vinnandi fólks sem í krafti stærðar sinnar og samstöðu getur veitt valdi atvinnurekenda mótvægi og eftir atvikum aðhald. Í samhengi við framangreint er ekki hægt að segja að samanburður á regluverki þeirra ríkja sem Ísland ber sig gjarnan saman við leiði í ljós að þar sé endilega að finna meira atvinnulýðræði þó svo að þar séu ýmiss konar víðtækari reglur um formlegt lýðræði en finnast hér á landi. Það atvinnulýðræði sem þó fyrirfinnst hér á landi er að mati ASÍ fyrst og fremst til komið vegna víðtækrar stéttarfélagsaðildar og öflugs trúnaðarmannakerfis sem geri það að verkum að fólk getur haft raunveruleg áhrif á örlög sín og afkomu. Því er það jákvætt að þingsályktunartillagan fjalli um atvinnulýðræði almennt en ekki eingöngu afmarkaða hluta þess.

Fyrir utan hefðbundna stéttarfélagastarfsemi hefur mesta þróunin er varðar atvinnulýðræði undanfarna áratugi verið innan ESB og m.a. birst í fjölmörgum réttargerðum þar sem a.m.k. er kveðið á um skyldu fyrirtækja til þess að veita starfsfólki upplýsingar og eiga við það samráð. Nánar tiltekið

¹ Sjá: https://www.asi.is/media/314928/stefna-um-taeknithroun-og-skipulagvinnu-vinnunnar_loka.pdf

² Sjá um þetta: Aloisi og Stefano. *Regulation and the future of work: The employment relationship as an Innovation facilitator*. International Labour Review, vol 159.



Alþýðusamband Íslands

eru gildandi 37 réttargerðir sem kveða á um þetta með einum eða öðrum hætti og hafa margar þeirra verið innleiddar í íslenskan rétt. Má t.d. nefna með *lögum nr. 63/2000 um hópuppsagnir og lögum nr. 72/2002 um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum*. ASÍ hefur talið mikilvægt að þeim skyldum sem atvinnurekendur takast á herðar í þessum efnum sé fylgt eftir í framkvæmd. Þegar á reynir er það mat ASÍ að í flestum tilvikum hafi samráð reynst báðum aðilum vel hafi þeir raunverulega verið tilbúnir í heiðarlega og uppbyggilega vinnu. Öll frekari þróun í þessum efnum er að mati ASÍ vel þess virði að ræða frekar og styður því samþykkt þeirrar þingsályktunartillögu sem hér um ræðir. Hins vegar hafnar ASÍ einfölduðum hugmyndum sem felast öðru fremur í því að gera einstaka starfsfólk ábyrgt fyrir ákvörðunum stjórnar fyrirtækja með stjórnarsetu fulltrúa launafólks án raunverulegra áhrifa.

Virðingarfyllst f.h. ASÍ,

Halldór Oddsson lögfr.
halldoro@asi.is / 5355600



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. janúar 2022

Efni: Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um atvinnulýðræði, 13. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar þingsályktunartillögu þess efnis að félagsmála- og vinnumarkaðsráðherra skipi starfshóp sem geri tillögu um hvernig auka megi lýðræði á vinnustöðum. Samkvæmt tillögunni mun BSRB eiga sæti í hópnum, nái hún fram að ganga og komi til framkvæmdar.

BSRB styður tillöguna og lýsir bandalagið sig reiðubúið til þátttöku í starfshópnum, ef til þess kemur.

Fyrir hönd BSRB

A handwritten signature in blue ink, which appears to read 'Hrannar M. Gunnarsson', is positioned above the printed name.

Hrannar Már Gunnarsson
lögfræðingur

Efni: Umsögn VR um tillögu til þingsályktunar um atvinnulýðræði, þingskjal 13 – 13. mál. 152 löggjafarþing 2021 – 2022

VR fagnar þingsályktunartillögu um stofnun starfshóps um atvinnulýðræði og tekur heilshugar undir það sem þar er lagt til.

Umræða um aukið atvinnulýðræði á sér langa sögu á Íslandi þó hún hafi ekki skilað tilætluðum árangri, enn sem komið er. Fyrstu tilraunir til að styrkja stöðu íslensks launafólks á vinnumarkaði, með aukinni lýðræðislegri þátttöku þeirra á vinnustöðum sínum, eru meira en hálfra aldar gamlar en tillaga til þingsályktunar um atvinnulýðræði var fyrst flutt á Alþingi árið 1965. Í árána rás hafa fleiri þingsályktunartillögur um málefnið verið lagðar fram sem og frumvörp um sama efni.

Í nágrannalöndum okkar er réttur til lýðræðislegrar þátttöku á vinnustað víða. Þessi réttur felur í sér þátttöku á breiðum grunni, m.a. með setu fulltrúa starfsmanna í stjórnnum fyrirtækja. Ísland er eftirbátur hinna Norðurlandanna hvað þetta varðar, eins og lesa má í greinargerð með tillögunni, og telur VR mikilvægt að launafólk á Íslandi fái einnig þennan lýðræðislega rétt.

Á vettvangi VR er starfandi framtíðarnefnd og hefur félagið samþykkt stefnu um vinnumarkað framtíðar¹. Í stefnunni er sérstaklega tekið á atvinnulýðræði þar sem segir í 3. gr.:

„VR vill að áhrif starfsfólks í stærri fyrirtækjum séu tryggð með stjórnarsetu fulltrúa starfsfólks í stjórn fyrirtækisins.

VR vill að vitneskja og þekking á lýðræðisvæðingu í fyrirtækjum verði almenn.“

Á fundi sínum í október 2020 samþykkti stjórn VR áherslur sem framtíðarnefnd félagsins lagði fram sem miða að því að á íslenskum vinnumarkaði verði réttur starfsmanna til setu í stjórnnum fyrirtækja sambærilegur og í nágrannalöndunum og því var fylgt eftir með yfirlýsingu fyrir kosningar árið 2021 þar sem skorað var á öll framboð að vinna að framgangi málsins².

Í ljósi þess sem að framan segir lýsir VR yfir stuðningi við tillögu til þingsályktunar um atvinnulýðræði og telur brýnt að málinu verði hraðað eins og kostur er.

**Fyrir hönd VR,
Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR**

¹ Sjá stefnuna hér: <https://www.vr.is/media/6534/vinumarkadur-framtidar-stefna.pdf>

² <https://www.vr.is/um-vr/frettir/almennar-frettir/framtidarnefnd-vr-skorar-a-frambod-til-althingis-ad-svara-krofu-um-atvinnulydraedi/>